

Reykjavík 20.01.2022

Skipulagsráð Kópavogsbæjar
Digralesvegi 1,
200 Kópavogi.

Með bréfi þessu til Skipulagsráðs Kópavogsbæjar, vill undirritaður fyrir hönd eigenda fasteignarinnar að Fagrapingi 2 sem er parhús á tveimur hæðum, fara þess á leit við skipulagsráð að fá að hækka nýtingarhlutfall lóðarinnar úr 0,43 í 0,49.

Í upphafi var á umræddri lóð að Fagrapingi 2 hannað tveggja hæða einbýlishús með annarri nálgun en hefð var fyrir á þeim tíma, stórar svalir og opin útirými undir þaki sem dæmi. Í kjölfar samþykktar í byggingarnefnd var húsið steipt upp að fullu en ekki tókst að halda byggingu þess áfram að hálfu eigenda.

Í kjölfarið reyndu margir aðilar að nálgast þessa fasteign með það fyrir augum að breyta henni úr einbýlishúsi í parhús.

Í samþykkt skipulagsráðs þar sem heimild var gefin fyrir því að breyta eigninni úr einbýli í parhús, er jafnframt gefið leyfi fyrir því að loka „opnum rýmum á fyrstu og annarri hæð hússins“ og nýtingarhlutfall á lóðinni hækkað úr 0,34 í 0,43

Lagðir voru inn til samþykktar nýjir uppdrættir sem að sýndu opin bílskýli en í dag hafa verið settar hurðir fyrir bílskýlin þannig að í dag eru þetta lokaðir bílskúrar en við það hækkar nýtingarhlutfall eignarinnar úr 0,43 í **0,49**.

Geta verður þess að umrædd aðgerð sem hér er lýst að ofan var gerð af fyrri eigendum parhússins en ekki þeim eigendum sem að þar búa núna. Þeir keyptu eignina í þessu ástandi og komust að því að bílskúrar voru bílskýli á samþykktum teikningum er þeir hugðust fá lokaúttekt á húsið.

Þess má einnig geta að parhús í næsta nágrenni Fagrapings 2 eru flest með hærra nýtingarhlutfall auk þess sem nágrannar í Fagrapingi gera fyrir sitt leiti ekki athugasemd við að þarna séu bílskúrshurðar.

Fyrir hönd eigenda

Sigurður Hallgrímsson
arkitekt fai

ARKþing - Nordic